

Matvælastofnun (Mast)
Jón Baldur Lorange
Framkvæmdastjóri Búnaðarstofu

Febrúar 2019

Ársskýrsla vegna ullarsöfnunar 2018

Ístex hf. fékk stuðning til ullarsöfnunar 2018 samkvæmt reglugerð nr. 1183/2017, III KAFLI ullarnýting. Í samningi við Matvælastofnun frá 3. janúar 2018 skal Ístex hf. skila ársskýrslu um ullarnýtingu fyrir tímabilið 1. nóvember 2017 til 31. október 2018.

Almennt séð þá gekk ullarsöfnun ágætlega fyrir sig á tímabilinu. Söfnunin tafðist miðað við fyrri ár vegna framkvæmda á nýjum blöndunarklefum í þvottastöð á Blönduósi. Hins vegar horfir til betri tíma í þeim málum. Klefarnir voru að fullu teknir í notkun í lok febrúar 2018 og hafa aukið gæði og gefið jafnara hráefni.

Ístex hf. telur sig að hafa uppfyllt öll þau skilyrði við söfnun sem bent er á í samningnum, þ.m.t. að útvega umbúðir til afhendingar, að sækja alla vinnsluhæfa ull á landinu og að áfram vinna yfir 30% af allri ull á Íslandi.

Ullarsöfnun

Ístex skuldbatt sig að safna allri vinnsluhæfri ull frá öllum framleiðendum sem þess óskuðu. Á tímabilinu safnaði Ístex hf. um 922 tonnum af ull frá 1.433 ullarframleiðendum um allt land.

	Óhreint [kg]	Hreint [kg]
695 H-Lamb	25.137	20.110
696 H-1 Flokkur	182.234	145.785
697 H-2 Flokkur	490.455	373.225
698 H-2 Flokkur Lamb (lítið gölluð)	40.399	32.319
715 M-Svart	33.910	26.300
716 M-Grátt	25.216	19.590
717 M-Móráutt	14.257	11.053
718 M-2 Flokkur	105.281	80.227
719 Úrkast	5.297	5.297
Samtals	922.186	713.904

Ístex neitaði engum ullarframleiðenda um að taka á móti vinnsluhæfri ull frá þeim. Stærsti hluti þess sem var sett í úrkast (rúmlega 5 tonn), þar sem þau voru ekki hæf til vinnslu, var illa þæfð ull, t.d. með snoð utan á eða með alvarlegum skítakleprum. Vafamál fóru fyrir Ullarmatsnefnd, sem skar út um málið ef þurfa þótti. Frekari upplýsingar um ullarframleiðsluna má sjá í meðfylgjandi skýrslum úr Bændatorgi.

Móttökustöðvar og umbúðir

Ístex setti upp söfnunarkerfi, eins og lýst var í umsókn og auglýst til bænda, m.a. í Bændablaðinu og á www.istex.is. Það voru um 34.000 af þar til gerðum ullarpokum dreift til bænda í gegnum 20 umboðsmenn. Þá komu um 11 flutningsaðilar beint að ullarflutningum. Einn ullarframleiðandi, sem var lengra en 100 km frá söfnun eða 125 km, var samið við sérstaklega fyrir flutning á ullinni að söfnunarstað. Skjal með pokadreifingaraðilum og flutningsaðilum fylgir.

Íslensk vinnsla

Á ullarárinu 2018 frá 1.11.2017 til 31.10.2018 nam útflutningur Ístex 423.782 kg af þveginni ull.

Ístex keypti af bændum 713.904 kg af hreinni ull, þannig að hlutfallið af ull sem fór til vinnslu hérlandis var vel yfir 30%. Einungis annar flokkur og lakari ull var seld erlendis.

Lærdómur

Það er nokkur atriði sem mætti taka til skoðunar til að bæta ullarsöfnunarferilinn. Þar mætti nefna..

- kort með öllum ullarframleiðendum
- hvatningu til bænda til að setja ekki meira en 25 kg í hvern poka, þannig að þeir staflist betur í flutningum og séu auðveldari í meðhöndlun fyrir starfsfólk

Lokaorð

Ístex hf setti upp ullarsöfnunarkerfi sem bæði uppfyllti þau skilyrði sem voru í samningi við Matvælastofnun og styrkti bændur um allt land til að afhenda á sem auðveldasta máta alla vinnsluhæfa ull til frekari vinnslu. Þeirri vinnsluhæfri ull var vel yfir 30% áfram unnin á Íslandi. Ef frekari upplýsinga er óskað um ullarsöfnun 2018 er það bara að spyrja.



Sigurður Sævar Gunnarsson
Framkvæmdastjóri Ístex